

HVERFISRÁÐ LAUGARDALS

Ár 2016, mánudag 31. október kl. 16.00 var haldinn 145. fundur hverfisráðs Laugardals. Fundurinn var haldinn í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis Efstaleiti 1, á 2. hæð. Viðstödd voru Heiðar Ingi Svansson formaður, Sigríður Jóhannsdóttir (varam. Söndru Berg Cepero), Leifur Björnsson (varam. Bjarna Jónssonar), Kristín Elfa Guðnadóttir, Elín Engilbertsdóttir og Guðfinna J. Guðmundsdóttir áheyrnarfulltrúi. Starfsmenn og aðrir sem sátu fundinn: Lilja Sigrún Jónsdóttir formaður Íbúasamtaka Laugardals, Sigtryggur Jónsson framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis, Styrmir Erlingsson nemi í opinberri stjórnsýslu og Helga Margrét Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri þekkingarstöðvar PLH sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á sögu- og heilsuupplifun í Laugardal.
Ragnar Sær tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
2. Lagt fram bréf ÍTR, dags. 16. sept., um skipun samráðshóps um inniaðstöðu Þróttar.
3. Fram fer kynning á viljayfirlýsingu Reykjavíkurborgar, K.S.Í. og Mennta – og menningarmálaráðuneytisins um framtíð Laugardalsvallar. Einnig kynnt drög að nýju erindisbréfi borgarstjóra til starfshóps um framtíð Laugardalsvallar.
4. Fram fer umræða um umferðaröryggi við Leikskólann Steinahlíð.
Frestað.
5. Fram fer kynning á kosningu á verkefnum í *Hverfið Mitt* 2016 sem hefst 3. nóvember og stendur til 17. nóvember.
6. Fram fer kynning á Lýðheilsuráðstefnu sem haldinn var 11. okt. s.l. Jafnframt fer fram kynning á uppfærðri aðgerðaráætlun PLH í forvörnum og heilsuefningu.
7. Lagt fram svar umhverfis og skipulagssviðs við fyrirspurn Íbúasamtaka Laugardals frá síðasta fundi ráðsins um leyfisveitingar vegna tónlistarhátíðarinnar Secret Solstice 2017.

Hverfisráð Laugardals leggur fram eftirfarandi bókun:

Hverfisráð undrast svar umhverfis- og skipulagssviðs í ljósi þess að tónleikahaldarar hafa þegar hafið sölu miða á tónleikana 16. – 18. júní 2017.

Fundi slitið kl. 17.50

Heiðar Ingi Svansson

Sigríður Jóhannsdóttir
Kristín Elfa Guðnadóttir

Leifur Björnsson
Elín Engilbertsdóttir